

„Svo nefndu þeir bara að ég væri ég“ – norrænu lýðheilsuverðlaunin fékk Haraldur Briem

■ ■ ■ Gunnþóra Gunnarsdóttir

Norrænu lýðheilsuverðlaunin féllu Haraldi Briem sóttvarnalækni í skaut þetta árið og voru afhent í Björgvin 11. júní síðastliðinn, á árlegum fundi norrænna heilbrigðisráðherra. Þegar fulltrúi *Læknablaðsins* hefur samband við hann 10 dögum síðar til að óska honum til hamingju og falast eftir smáviðtali er hann staddur í Færeyjum að fagna 40 ára læknaprófi, ásamt kollegum sem útskrifuðust um leið og hann vorið 1972. En á milli heimsóknar til færeyska landlæknisins og ferðar að Kirkjubæ gefur hann sér þó tíma í smá spjall.

Fjölmörg atriði voru talin upp Haraldi til gildis í rökstuðningi fyrir verðlaunaveitingunni: Ráðstafanir sem hann greip til í Eyjafjallajökulsgosinu með því að dreifa gleraugum og grímum og heilsufarsrannsóknir í upphafi gossins, svo og víðtæk vísindastörf á sviði sóttvarna og smitsjúkdóma, bæði á Íslandi og í norrænu samstarfi. Hann kveðst ekki síst ánægður með að stofnun námsbrautar í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands fyrir 5 árum skuli tilgreind. „Ég átti þátt í að koma þeirri braut á laggirnar og hún hefur blómgast og dafnað með góðu fólki sem þar vinnur,“ segir hann. „Svo nefndu þeir bara að ég væri ég!“

Þetta er merkisár hjá Haraldi því ofan á annað eru 30 ár síðan hann lauk doktorsprófi í læknávisindum frá Karolinska háskólasjúkrahúsinu. Hann hóf störf á Borgarspítalanum 1983 og varð síðar yfirlæknir á smitsjúkdómadeild. Starfið þróaðist út í að fylgjast almennt með farsóttum í landinu og síðan ný sóttvarnalög tóku gildi 1998 hefur hann gegnt starfi sóttvarnalæknis.

„Starfið gengur út á að vakta og bregðast við, fylgjast með smitsjúkdómum í samfélaginu og líka eiturog og geislavirkum efnem sem kunna að hafa bráð áhrif á lýðheilsu,“ segir hann. „Einnig tilkynna lækna og rannsóknarstofur okkur ef eitthvað er athugasemjulegt og ef grípa þarf



Spánný sínamynd af Haraldi, tekin í Gjógva á Austurey. Engin sýnileg heilbrigðisvá en heilmikil umhverfisVÁ!

einhvers staðar inn í þá gerum við það. Við erum í nánun samstarfi við Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit. Sóttvarnalæknir er líka tengiliður við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina og ef vá steðjar að hér eða úti í heimi verður hann að meta hvernig eigi að bregðast við því. Svo skipuleggur hann líka bólusetningar í landinu.“

Eitt af því sem sóttvarnalæknir þarf að vera á varðbergi gegn eru fjölonæmir stofnar baktería. „Okkur stafar alltaf ógn

Haraldur fæddist árið 1945. Hann lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands 1972, fékk sérfræðiréttindi í bráðum smitsjúkdómum 1979 og í smitsjúkdómum innan lyflæknisfræði 1980. Doktorspróf 1982. Haraldur hefur birt mýmargar fræðigreinar, hann er í norrænum samstarfshópi um heilbrigðisviðbúnað og situr í ritstjórn Scandinavian Journal for Infectious Diseases og Eurosurveillance.

af ónæmum stofnum og við reynum að vera fljót að grípa til ráða þegar þeirra verður vart. Sjúkrastofnanir okkar eru mjög á verði og fólk er einangrað sem er með bakteríur með mikið lyfjapól eða ónæmi. Það er passað upp á það,“ segir Haraldur.

En hvert skyldi hann telja brýnasta verkefnið núna í lýðheilsuáttum Íslandinga? „Við erum almennt séð á góðu róli. Til dæmis hefur dregið mjög úr sýkingum í matvælaíðnaðinum, bæði salmonellu og kamfýlobakteríu. Heimsfaraldur af inflúensu hefur nýlega gengið yfir með sínum vandræðum sem urðu náttúrulega ekkert í líkingu við þau sem voru 1918. Samt getur svoléiðs ástand komið upp aftur og þó sú hótun sé ekki augljós í augnablikinu þurfum við að fara vel í gegnum það hvernig við ætlum að bregðast við þegar slíkir hlutir gerast svo við séum vel undir það búin þegar þar að kemur.“